

Fundur í fagdeild Leiðsagnar 8. apríl 2021.

Viðstaddir: Jens Ruminy, Kristín Waage og Vilborg Anna Björnsdóttir. Steinunn Harðardóttir. Jónas Sigurðsson boðaði forföll.

1. Haldið var áfram þar sem frá var horfið á síðasta fundi við að yfirfara lög Leiðsagnar, stéttarfélags og áður komnar breytingartillögur frá Steinunni og Jens en að auki var nýjum breytingartillögum bætt við.
2. Áfram var rætt um árlegt félagsgjald, sem fagdeildarfélagar greiða og hvernig því fé sé varið og hver hlutur fagdeilda ætti hugsanlega að vera. Fram kom tillaga um að 30% félagsgjalds rynni til viðkomandi fagdeild og lagt inn á bankareikning hjá Leiðsögn, eyrnarmerkt viðkomandi fagdeild.
3. Þar sem stuttur tími er fram að aðalfundi Leiðsagnar stéttarfélags voru fundarmenn sammála um að ógerningur væri gera heildarendurskoðun á lögum Leiðsagnar, stéttarfélags, heldur skal unnið að lágmarks tillögu að lagabreytingu og skal því lokið á næsta fundi, sem fyrirhugaður er 15. apríl n.k.
4. Þegar tillögurnar liggja fyrir verða þær sendar til laganefndar til yfirferðar og leiðbeininga og bornar svo undir fagdeildarfélagi.
5. Fagdeild er í sjálfsvald sett, skv. lögum að velja sér verkefni. Fundarmenn komu með ýmsar hugmyndir þar að lútandi t.d. halda ráðstefnur, málþing o.fl.
6. Ólíklegt er að unnt verði að boða til aðalfundar fagdeildar eins og lög kveða á um sökum samkomutakarkana. Það var því ákveðið að senda póst á alla fagdeildafélaga fyrir fyrirhugaðan aðalfund Leiðsagnar gera grein fyrir því, sem stjórnin er og hefur verið að vinna að.

Verkefni.

Kristínu falið að gera uppkast að bréfi til fagdeildarféлага.

Steinunn mun senda nýjustu breytingartillögur þeirra Jens að fundi loknum.

Allir kynni sér vel nýjustu breytingartillögur Steinunnar og Jens.

Næsti fjarfundur verður haldinn fimmtudaginn 15. mars n.k. kl.14:30.

Kristín W